

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2022-2023



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2022-2023

Röð frá vinstri: Eydís Líndal Finnbogadóttir, Björgvin Víkingsson, Ásdís Ármannsdóttir, Kristján Sverrisson, Bergþóra Þorkelsdóttir og Díana Óskarsdóttir. Á myndina vantar Ingileif Oddsdóttur.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2022 til og með apríl 2023. Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á vefsíðu félagsins (www.ffr.is) og í fundargerðum stjórnarfunda. Fjöldi félagsmanna er nú 134 talsins, 59 karlar og 75 konur.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

1. Aðalfundur 19. maí 2022.
2. Störf stjórnar starfsárið 2022-2023.
 - a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2022-2023.
 - b) Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.
 - c) Launaþróun forstöðumanna.
 - d) Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvæðanir forstöðumanna.
 - e) Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands.
 - f) Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími).
 - g) Önnur verkefni.
3. Félagsstarfið.
4. Skrifstofa félagsins og vefsíða.
5. Lokaorð.

1. Aðalfundur 19. maí 2022

Þann 19. maí 2022 hélt FFR aðalfund sinn á Hilton í Reykjavík auk þess sem honum var streymt.

Í stjórn voru kosin til tveggja ára þau Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa, Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ingileif Oddsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Þá var Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, kjörin í stjórnina til eins árs. Kosið var um formann félagsins til tveggja ára á aðalfundi 2021 og því

ekki kosið um formann á fundinum. Þá sátu þær Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður á Suðurnesjum og Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vega-gerðarinnar áfram í stjórninni í samræmi við 6. gr. laga félagsins, auk formanns stjórnarinnar, Kristjáns Sverrissonar, forstjóra Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Björgvin Víkingsson hætti störfum hjá ríkinu í lok mars og hætti því í stjórn félagsins þann 1. apríl síðastliðinn.

Á aðalfundinum voru þau Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholts-skóla, Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Salvör Nordal, umboðsmaður barna, kjörin í kjörnefnd félagsins.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar þann 14. júní 2022 skiptu meðstjórnendur með sér verkum þar sem samþykkt var að Ásdís yrði varaformaður, Díana gjaldkeri og Bergþóra ritari.

2. Störf stjórnar starfsárið 2022-2023

Stjórn fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí og ágúst 2022. Stjórn hélt alls tíu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og má finna fundargerðir á vefsíðu félagsins. Flestir fundanna, eða átta talsins, fóru fram bæði á teams og á skrifstofu félagsins, einn einungis á teams og einn einungis á skrifstofunni.

Kristján, Ásdís, Ingileif og Anna, framkvæmdastjóri félagsins sátu jafnframt mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR).

Fulltrúar stjórnar sátu einnig aðra fundi á starfsárinu. Má þar nefna fund með fulltrúum umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis vegna áforma um sam- einingar og skipulagsbreytingar á stofnunum ráðuneytisins. FFR lagði áherslu á nauðsyn samráðs við forstöðumenn í öllu ferlinu sem og að starfslok þeirra í kjölfar niðurlagningar stofnana yrðu í samræmi við Stjórnendastefnu ríkisins. Þá má nefna fund fulltrúa félagsins með fulltrúum samninganefndar ríkisins. Fundurinn sem haldinn var að beiðni samninganefndarinnar var haldinn í því

skyni að upplýsa félagið um stöðuna í samningamálum á opinberum vinnumarkaði.

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega.

a) **Áherslumál stjórnar starfsárið 2022-2023.** Á fundi stjórnar 6. október 2022 voru áherslumál stjórnar fyrir starfsárið ákveðin og má finna yfirlit yfir þau á heimasíðu félagsins. Af ýmsu er að taka en nefna má áherslu á að auka kynni og samstöðu félagsmanna með ýmsum hætti; að fylgja eftir endurmati á grunnmati starfa forstöðumanna; að þróað verði og tekið upp frammistöðumat og persónubundin laun í tengslum við það; að launaþróun forstöðumanna verði í samræmi við launaþróun samanburðarhópa og viðmið starfsmannalaga; að leitað verði leiða til þess að styrkja tengsl fagráðuneyta og stofnana; að auka stuðning og fræðslu við forstöðumenn og skoða mentora kerfi; að hefja samtal um öryggismál stofnana og forstöðumanna.

b) **Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.** Í tengslum við boðað endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna voru haldnar vinnustofur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok maí á síðasta ári með þátttöku fulltrúa frá FFR og KMR, í þeim tilgangi að skoða hvernig tekist hafi til og hvað mætti betur fara. Svo virðist sem þökkalegt samræmi sé í hinu nýja kerfi, en nokkur atriði sem vert væri að skoða nánar. Má þar t.d. nefna að nokkuð hátt hlutfall starfa fellur á milli skilgreindra þrepa innan flokkanna og á það sérstaklega við innan færni og stjórnunar þáttarins.

Vinna við þróun og innleiðingu á frammistöðumati og persónubundnum launum er á byrjunarstigi innan ráðuneytisins en stjórnin telur mikilvægt að hraða þeirri vinnu og lýsir vilja til þess að taka virkan þátt í mótun slíks kerfis.

c) **Launaþróun forstöðumanna.** Stjórn félagsins ákvað á haustmánuðum að leita aftur til Benedikts Jóhannessonar hjá Talnakönnun hf. til þess að skoða og leggja mat á launaþróun forstöðumanna í samanburði við

viðmiðunarhópa frá því að fyrri skýrsla hans kom út í upphafi árs 2021 fram til dagsins í dag. Að þessu sinni var ákveðið að skoða fleiri viðmiðunarhópa á almennum og opinberum vinnumarkaði en áður var gert. Niðurstöður skýrslunnar eru afar athyglisverðar og hafa nýst vel í samtali félagsins við KMR um launakjör forstöðumanna. Skýrslan var send með tölvupósti til félagsmanna í upphafi ársins.

- d) **Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvæðanir forstöðumanna.** Skemmst er frá því að segja að lítið hefur breyst hvað varðar það álitamál hvers eðlis launaákvæðanir forstöðumanna eru, þ.e. hvort þær teljist til stjórnvaldsákvæðana eða stjórnvaldsfyrirmæla. Afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur ekki breyst að þessu leytnu og hefur einn úr hópi forstöðumanna stefnt málinu fyrir dóm og má vænta niðurstöðu í héraði á hausti komanda.
- e) **Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands.** Að beiðni Skólameistarafélags Íslands (SMÍ) fóru formaður og framkvæmdastjóri félagsins á fund SMÍ í september á síðasta ári. Tilgangur fundarins var að kynna starfsemi FFR fyrir skólameisturum auk almennrar kynningar á starfsumhverfi og starfskjörum forstöðumanna ríkisins.
- f) **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál.** Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði þær breytingar á skipunartíma þjóðminjavarðar og forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands að einungis verði heimilt að endurnýja skipun þeirra í embætti einu sinni. Verði frumvarpið að lögum mun skipunartími þeirra að hámarki því geta orðið 10 ár. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er markmið breytinga að samræma skipunartíma nefndra forstöðumanna við skipunartíma safnstjóra Listasafns Íslands, þjóðleikhússtjóra og framkvæmdastjóra Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Í umsögn FFR er lögð áhersla á mikilvægi heildstæðrar og málefnalegrar umræðu um starfsumhverfi forstöðumanna, þ.m.t. um skipunarkjör

þeirra. Minnt er á meginreglu starfsmannalaga um fimm ára skipunartíma forstöðumanna sem gildi um meginþorra forstöðumanna sem og að það heyri til undantekninga að skipunartími sé takmarkaður við 10 ár líkt og lagt er til með frumvarpinu. Að mati FFR verði rík rök að standa til þess að takmarka skipunartíma einstakra forstöðumanna líkt og frumvarpið geri ráð fyrir. Þá er í umsögninni minnt á mikilvægi þess að allar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisins taki mið af og séu í samræmi við Stjórnendastefnu ríkisins.

Formaður og framkvæmdastjóri félagsins fóru á fund allsherjar- og menntamálanefndar 27. apríl sl. og fylgdu umsögninni eftir.

- g) **Önnur verkefni.** Forsætisráðuneytið óskaði eftir því á síðasta ári að FFR tilnefndi tvo fulltrúa, karl og konu, í starfshóp um endurskoðun laga um ríkislögmann. FFR tilnefndi þau Sigríði Kristinsdóttur, sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu og Þorstein Gunnarsson, forstöðumann kærunefndar útlendingamála og skipaði forsætisráðherra Þorstein í starfshópinn.

Þessu til viðbótar fær stjórn og framkvæmdastjóri þó nokkurn fjölda erinda og fyrirpurna frá félagsmönnum þar sem leitað er ráðlegginga, leiðbeininga og/eða aðstoðar vegna hagsmunamála af ýmsu tagi. Erindi þessi varða kjaramál, viðbótarlaun, endurmenntun, námsleyfi, aðdraganda starfsloka, samskipti við ráðuneyti, veikindarétt, orlofsrétt, lífeyrisréttindi, rétt til styrkja o.fl. Fyrirverandi félagsmenn leita jafnframt til félagsins sem aðstoðar þá eftir föngum og einkum ef málin varða almenn hagsmunamál sem skipta félagsmenn máli.

Þá hefur félagið einnig átt samskipti við félagsmenn vegna mála er lúta að reynslu þeirra af störfum innan ramma laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem og mál er varða ímynd ríkisstofnana og ríkisstarfsmanna.

3. Félagsstarfið

Einn megintilgangur FFR er að efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna og jafnframt að stuðla að kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars. Í þessum tilgangi voru skipulagðar þrjár heimsóknir til stofnana á liðnum vetri. Auk þess að fræðast um starfsemi annarra stofnana eru slíkar heimsóknir kjörinn vettvangur til þess að hitta aðra forstöðumenn, kynnast og efla tengslanetið. Er því ástæða til þess að hvetja félagsmenn til þess að fjölmenna í þessar heimsóknir í framtíðinni.

Heimsóknir til stofnana á starfsárinu:

- a) **Heimsókn til Umhverfisstofnunar.** Forstjóri Umhverfisstofnunar, Sigrún Ágústsdóttir, bauð félagsmönnum í heimsókn þriðjudaginn 29. nóvember síðastliðinn. Í heimsókninni gafst félagsmönnum kjörið tækifæri til þess að fræðast um fjölbreytta starfsemi Umhverfisstofnunar sem teygir sig um allt land og áhugavert var að skoða endurnýjaða vinnuáðstöðu starfsmanna stofnunarinnar, sem jafnframt er fyrsta Svansvottaða endurbótaverkefnið á Norðurlöndunum. Heimsóknin var afar vel heppnuð og áhugaverð sem endaði með tilheyrandi veitingum og góðu spjalli meðal félagsmanna. Stjórn færir Sigrúnu og starfsfólki Umhverfisstofnunar bestu þakkir fyrir glæsilegar móttökur.
- b) **Heimsókn til Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna.** Þann 2. mars síðastliðinn bauð Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, félagsmönnum í heimsókn í nýlegar höfuðstöðvar stofnunarinnar við höfnina í Hafnarfirði. Heimsóknin hófst með ítarlegri kynningu Þorsteins á verkefnum og starfsemi stofnunarinnar, en eins og nafn hennar gefur til kynna eru verkefnin á sviði rannsókna og ráðgjafar bæði í sjó og ferskvatni. Í kjölfarið voru nýju húsakynnin skoðuð. Að endingu var boðið upp á glæsilegar veitingar með tilheyrandi spjalli. Stjórn færir Þorsteini og starfsfólki stofnunarinnar bestu þakkir fyrir fróðlega heimsókn og glæsilegar móttökur.

- c) **Vorferð í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.** Það var heldur vetrarlegt í höfuðborginni þegar hópur félagsmanna lagði af stað í vorferð félagsins þann 27. apríl síðastliðinn. Ferðinni var heitið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri þar sem Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor skólans, tók á móti félagsmönnum í blíðskaparvorveðri og fræddi félagsmenn um námsleiðir skólans og margþætta starfsemi hans. Í ferðinni heimsóttu félagsmenn meðal annars hestamiðstöðina að Mið-Fossum, Hvanneyrarfjosið og Landbúnaðarsafnið, svo fátt eitt sé nefnt, auk þess sem glæsilegar veitingar stóðu ferðalöngum til boða. Ferðin endaði í Landnámssetrinu í Borgarnesi í ljúffengri súpu áður en haldið var af stað til höfuðborgarinnar. Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð, skemmtileg og fróðleg. Færir stjórn Ragnheiði og hennar starfsfólki bestu þakkar fyrir höfðinglegar móttökur.

Samstarf FFR við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Ákveðið var að endurvekja samstarf FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ um fræðslufundi, málþing og morgunverðarfundi, en samstarfið rofnaði á tímum Covid faraldursins. Haldnir voru tveir morgunverðarfundir á Grand Hótel í Reykjavík á liðnum vetri.

- a) **Skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera.** Þann 8. desember síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur um skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera. Kristján Sverrisson, formaður FFR opnaði fundinn og fjallaði með almennum hætti um sameiningar stofnana, tilgang og hvað beri að varast. Þá ávarpaði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra fundinn, en hann hefur sett á stofn starfshóp um einföldun á stofnanakerfi ríkisins með það að markmiði að bæta þjónustu og auka skilvirkni, ásamt því að stuðla að sveigjanleika í skipulagi og framþróun og auðvelda stafræna þróun ríkisins.

Erindi fundarins voru tvö. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun við HÍ flutti erindi undir yfirskriftinni: Fræðin spyrja: Eru sameiningar alltaf af hinu góða? og

Skúli Eggert Þórðarson, fyrrv. ríkisskattstjóri og ríkisendurskoðandi, og þáverandi ráðuneytisstjóri menningar- og viðskiptaráðuneytis, flutti erindi undir yfirskriftinni: Sameiningar stofnana – Markmið og leiðir. Fundurinn var vel sóttur og greinilega þörf á frekari umræðu um efnið.

- b) **Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar.** Þann 18. apríl síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur um stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar. Á fundinum gerði Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og lögfræðisviðs Ríkisendurskoðunar ítarlega grein fyrir því hvað skoðað er í slíkum úttektum, hvernig það er gert og á hvað lögð er áhersla í því ferli. Í kjölfarið stigu tveir forstöðumenn í pontu, miðluðu af reynslu sinni og leituðust við að svara því hvaða lærdóm megi draga af af slíkri úttekt, en það voru þau Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Fundurinn var vel sóttur og afar fróðlegur.

4. Skrifstofa félagsins og vefsíða

Félagið leigir sem fyrr skrifstofu með aðgangi að fundarsal af Neytendasamtökunum í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri, lét af störfum í lok júlí á síðasta ári. Nýr framkvæmdastjóri félagsins, Anna Hermannsdóttir, tók til starfa 1. ágúst á síðasta ári.

Félagið heldur úti vefsíðu, www.ffr.is, þar sem finna má almennar upplýsingar um starfsemi félagsins auk þess sem þar er að finna ýmsar krækjur á gagnlegar upplýsingar. Uppfærsla og endurhönnun vefsíðunnar stendur nú yfir og mun nýr og endurbættur vefur verða opnaður síðar á árinu.

5. Lokaorð

Ljóst er að heimsfaraldur vegna Covid hafði áhrif á störf félagsins og hefur enn með ýmsum hætti. Nokkur áskorun er fólgin í því að virkja félagsmenn til þátttöku í félagsstarfinu nú þegar faraldurinn er liðinn hjá. Vonir fráfarandi stjórnar standa til þess að félagið muni áfram standa fyrir viðburðum og hafa

milligöngu um heimboð sem efla kynni meðal félagsmanna, auk þess að bjóða í auknum mæli upp á fræðslu og námskeið. Fjárhagur félagsins er góður eins og ársreikningur sýnir, en verkefnið er ærin og mun sjóður félagsins án efa koma að góðum notum í þeim framtíðarverkefnum sem liggja fyrir hjá félaginu.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru forstöðumenn sem allir eru reiðubúnir til að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Kristján Sverrisson, formaður